

Aðalfundur foreldrafélagsins 9/9 2013

Mættir: Arnar, Þorsteinni, Þórey, Carolin, Þórunn, Ingvar, Hanna Sigga, Eyjólfur og Fjóla

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Arnar býður sig fram sem fundarstjóra og Tóta sem ritari. Samþykkt af fundar gestum.

2. Gert grein fyrir störfum síðasta árs og reikningum:

- Leikrit sýnd í skólanum fyrir yngsta stigið og leikskólann
- Farið var með miðstig á leiksyningu í Borgarfirði, greitt fyrir rútur og börnin
- Öskudagsskemmtun í samvinnu við elstu deildina
- Foreldrafélagið sá um að grilla á vorhátíð skólans og sumarhátíð leikskólans
- Stóð til að hafa forvarnarfræðslu í lok apríl en hún datt út á síðustu stundu v. anna hjá viðkomandi fyrirlesara.
- Tókum sjóð fyrir nemendafélagið í "fóstur" þar sem þeim vantaði kennitölu til að geta stofnað reikning.
- Eign foreldrafélagsins núna er um 179þús krónur.
- Aðal uppistaða eignarinnar er styrkur frá Dalabyggð, um 200þús kr sem félagið hefur sótt um undanfarin ár.
- Styrkurinn kom inn um miðjand des í fyrra.

3. Fulltrúar foreldra í skólaráði gerðu grein fyrir sínum störfum:

- Fundargerðri eru allar á netinu sjá www.audarskoli.is
- Farið var stutta yfirferð yfir hvaða málefni komu upp síðastliðinn vetur m.a. farið fyrir starfsáætlanir, umsöng um teikningar til viðbyggjar leikskóla, kynning á stöðu við framkvæmdir í skólanum, farið yfir sjálfsmatskýrslu og forvarnaráætlun skólans, nýuppgerð smíðastofa skoðuð, farið yfir skóladagatöl Auðarskóla fyrir veturinn 2013-2014, kynning á nýrri námskrá og fleira.
- Fulltrúar foreldra fengu nokkrar ábendingar frá foreldrum sem voru teknar uppá fundum, m.a. opnunartími leikskólans, viðbrögðum ef upp kemur lús í skólanum og fl.

4. Lagabreytingar ef ástæða þykir til

Engin ástæða talin til lagabreytingar

5. Kosningar til nýrrar stjórnar foreldrafélagsins, fulltrúa foreldra í skólaráð og í fræðslunefnd

Arnar, Carolín, Þorsteinn og Bjögga gefa ekki kost á sér áfram í stjórn foreldrafélagsins.

Í stjórn foreldrafélagsins eru kosin

Þórunn Björk Einarsdóttir

Þórey Björk Þórisdóttir

Sigríður Fjóla Mikhaelsdóttir

Valdís Gunnarsdóttir

Ármann Rúnar Sigurðsson

Varamenn í stjórn foreldrafélagsins eru

Herdís Rósa Reynrsdóttir

Guðrún Þóra Inþórsdóttir

Til skólaráðs eru kosnir fulltrúar foreldra til 2ja ára

Sigríður Fjóla Mikaelisdóttir

Þórey Björk Þórisdóttir

Herdís Rósa Reynisdóttir situr frá fyrra ári áfram í skólaráði sem þriðji fulltrúi foreldra.

Arnar Eysteinnsson kosinn sem varamaður

Í fræðslunefnd eru kosin til 2ja ára:

Þórey Björk Þórisdóttir

Carolin Baare Schmid sem varamaður

Klappað fyrir nýrri stjórn og eldri stjórn þakkað fyrir vel unnin störf.

6. Önnur mál

Spurt um forvarnarfræðslu, tillaga kemur um fræðslu um einelti. Spurning um fræðslu sem er bæði fyrir börnin og foreldrana, jafnvel eitthvað tengt þeim samskiptaforritum sem eru í gangi í dag á netinu. Rafrænt einelti, SAFT sér um fræðslu fyrir börn og fullorðina, spurning hvort hægt sé að hafa samband við þau.

Stefnt að því að minnka pappírnotkun líkt og skólinn, því ákveðið að skólinn muni senda tilkynningar fyrir atburði foreldrafélagsins, í gengum mentor tilkynningar til foreldra barna í skólanum, og svo verði haft samband við leikskóla um hvort þau vilji senda til foreldra leikskólabarna.

Foreldrafélagið beini sér fyrir því að betri lýsing á neðra svæði leikskólalóðar komi upp hið fyrsta.

Ekki fleiri mál, fundi slitið

Þórunn B. Einarsdóttir ritaði.